

	<h1 style="text-align: center;">VERKLAGSREGLUR</h1> <h2 style="text-align: center;">um einkunnaskil</h2>	Bls.: 1 af 2 Ábm. ÞK/HP Samþ. í háskólaráði 6. júní 2007 Endursk. 14. júní 2012 og 7. desember 2023. Málsnúmer: HÍ0720065
---	--	---

### 1. Tilgangur og gildissvið

Samkvæmt 60. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009 skulu einkunnir birtar í síðasta lagi tveimur vikum eftir hvert próf. Sami skilafrestur gildir fyrir námskeið sem lýkur án skriflegs prófs og fyrir próf og verkefnaskil sem fram fara utan reglulegra próftímabila.

Markmið verklagsreglnanna er að tryggja einkunnaskil í öllum prófum, ritgerðum og verkefnum sem eru hluti af námsmati við Háskóla Íslands.

Öll vinna við yfirferð prófa skal taka mið af því að einkunnaskil verði með þeim hætti að virt séu þau tímamörk sem tilgreind eru í lögum og reglum um Háskóla Íslands auk ákvæða stjórnslulaga nr. 37/1993.

Verklagsreglur þessar um einkunnaskil gilda um öll próf, ritgerðir og verkefni sem eru hluti af námsmati. Felist námsmat í öðru en skriflegu eða munnlegu prófi skal upphaf tímafrests kennara til yfirferðar á ritgerð eða verkefni miðast við síðasta prófdag misserisins.

Verklagsreglur þessar eru hluti af gæðakerfi Háskóla Íslands.

### 2. Ábyrgð á eftirfylgni

Kennslusvið háskólans ber ábyrgð á eftirfylgni með því að verklagsreglum þessum sé fylgt. Forsetar fræðasviða, deildarforsetar og rekstrarstjórar/kennslustjórar fræðasviða bera ábyrgð á því gagnvart kennslusviði að reglunum sé framfylgt innan fræðasviða og deilda.

### 3. Framkvæmd

#### 3.1 Foraðgerðir deilda

Deildarskrifstofa eða eftir atvikum skrifstofa fræðasviðs skal senda tölvupóst til allra umsjónarkennara námskeiða og annarra kennara sem semja og fara yfir próf, a.m.k. 10 dögum fyrir fyrsta prófdag þar sem kennarar eru minntir á leyfilegan yfirferðartíma prófúrlausna. Jafnframt skal tekið fram að kennurum ber að ná í prófúrlausnir eigi síðar en þremur dögum eftir að próf er haldið.

#### 3.2 Einkunnaskilalisti kennslusviðs

Kennslusvið útbýr lista þar sem hægt er að kalla fram einstök fræðasvið og deildir auk þeirra námskeiða sem prófað var í á tilgreindu prófmisseri. Á listanum skal koma fram númer og heiti hvers námskeiðs, fjöldi úrlausna, dagsetningar prófdags, sóknardags úrlausna og skiladags einkunna. Jafnframt skal dagafjöldi yfirferðar koma fram, síðustu þrjú dagar einkunnaskilafrests skulu auðkenndir með gulum lit, en fari skil yfir leyfilegan frest skal dagafjöldi yfirferðar auðkenndur með rauðum lit. Upphafsstafir þeirra sem sækja úrlausnir eru tilgreindir og sé veittur aukafrestur, sbr. tölulið 3.5, kemur hann fram.

### 3.3 Prófúrlausnir

Hver deildarskrifstofa eða eftir atvikum skrifstofa fræðasviðs skal fylgjast með einkunnaskilalista kennslusviðs og vekja athygli kennara á mikilvægi þess að skila einkunnum tímanlega.

### 3.4 Tilkynningaskylda kennara

Verði kennari veikur eða komi upp aðrar gildar ástæður, sem fyrirsjáanlega valda því að hann getur ekki skilað einkunn á réttum tíma, skal hann strax tilkynna deildarskrifstofu um það eða eftir atvikum skrifstofa fræðasviðs og skila inn læknisvottorði eða öðrum gögnum til skýringar.

### 3.5 Aukafrestur

Ef próf er fjölmennt (fleiri en 150 úrlausnir) getur kennari óskað eftir lengdum yfirferðartíma. Slík ósk skal send Nemendaskrá til afgreiðslu eigi síðar en þremur dögum fyrir lok einkunnaskilafrests. Aldrei skal þó lengja frest til einkunnaskila um meira en eina viku.

### 3.6 Eftirfylgni

Hafi einkunn ekki verið skilað þegar þrjú dagar eru eftir af skilafresti, skal deildarskrifstofa eða eftir atvikum skrifstofa fræðasviðs hafa samband við viðkomandi kennara og senda tölvupóst þar sem minnt er á skilafrest. Skal þessi tölvupóstur einnig sendur til deildarforseta.

Hafi einkunn ekki verið skilað innan skilafrests skal deildarskrifstofa eða eftir atvikum skrifstofa fræðasviðs hafa samband við kennara og fá skýringar og jafnframt staðfestingu á því hvenær einkunnum verður skilað, sbr. töluliði 3.4 og 3.5. Jafnframt skal nemendum sendur tölvupóstur með upplýsingum um það hvenær einkunnum verður skilað.

### 3.7 Upplýsingar á deildarfundum

Á næsta deildarfundum sem haldinn er eftir síðasta skiladag einkunna í seinasta prófi á hverju próftímabili ber að vekja athygli á einkunnaskilalista kennslusviðs yfir skil í öllum námskeiðum deildarinnar. Listann má nálgast á eftirfarandi slóð: <https://ugla.hi.is/nk/prof/einkunnaskil.php?sid=655>.

### 3.8 Starfsmannaviðtöl

Deildarforseti skal í næsta starfsmannaviðtali, sem hann á við þá kennara sem ekki skiluðu einkunnum á réttum tíma, ræða einkunnaskil sérstaklega.

## 4. Endurskoðun

Verklagsreglur þessar skal endurskoða í samráði við kennslusvið, fræðasvið og deildir að þremur árum liðnum.